

Skýrsla um starfsemi Prófanefndar tónlistarskóla frá stofnun 27. febrúar 2002 til loka september 2002

Tildrög að stofnun Prófanefndar tónlistarskóla

Snemma árs 2000 tók til starfa nefnd með þátttöku fulltrúa Samtaka tónlistarskólastjóra, Félags tónlistarskólakennara, Félags íslenskra hljómlistarmanna, Sambands íslenskrá sveitarfélaga og menntamálaráðuneytisins sem hafði það hlutverk að finna farveg fyrir nýtt prófakerfi í tónlistarskólum sem uppfyllti kröfur aðalnámskrár tónlistarskóla. Niðurstaða nefndarinnar var sú að sérstökum aðila yrði falið að fara með þessi málefni og að í því skyni skyldi stofnuð Prófanefnd tónlistarskóla.

Stofnfundur

Stofnfundur Prófanefndar tónlistarskóla var haldinn í Borgartúni 6 í Reykjavík miðvikudaginn 27. febrúar 2002 og hófst fundurinn með því að Halldór Haraldsson, skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík, gerði grein fyrir aðdraganda málsins í framhaldi af samþykkt nýrrar aðalnámskrár tónlistarskóla. Þá flutti Björn Bjarnason menntamálaráðherra ávarp. Síðan kynnti Kristín Stefánsdóttir drög að skipulagsskrá fyrir Prófanefnd tónlistarskóla sem undirbúningsnefndin hafði samið. Eftir nokkrar umræður var skipulagsskráin samþykkt og undirrituð af fulltrúum tónlistarskóla og rekstraraðila þeirra. Að því búnu voru aðal- og varamenn kjörnir í nefndina til fjögurra ára í samræmi við skipulagsskrána, auk þess sem löggiltur endurskoðandi var kjörinn.

Að loknum eiginlegum stofnfundarstörfum flutti Guðrún Geirsdóttir, lektor við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands og námskrárfræðingur, fræðsluerindi sem hún nefndi „Nokkrar námskrárnótur“. Að fundi loknum bauð menntamálaráðherra viðstöddum upp á hressingu. Fundinn sóttu um 30 manns og var Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, starfsmannastjóri Hafnarfjarðarbæjar, fundarstjóri.

Skipan prófanefndar

Samkvæmt skipulagsskránni tilnefna Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök tónlistarskólustjóra hvor sinn fulltrúa í Prófanefndina. Þá tilnefna Félag tónlistarskólakennara og Félag íslenskra hljómlistarmanna sameiginlega einn nefndarmann. Loks kýs fulltrúaráð Prófanefndar tvo nefndarmenn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Prófanefnd velur formann og varaformann úr sínum hópi.

Í Prófanefnd tónlistarskóla eiga nú sæti:

- Kristín Stefánsdóttir, formaður, fulltrúi FT og FÍH
- Robert Faulkner, varaformaður, fulltrúi STS
- Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Hafsteinn Guðmundsson, kosinn á stofnfundi
- Sólveig Anna Jónsdóttir, kosin á stofnfundi.

Varamenn eru:

- Bragi Michaelsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Helgi Þ. Svavarsson, fulltrúi STS
- Sigurður Flosason, fulltrúi FT og FÍH
- Árni Harðarson, kosinn á stofnfundi
- Hildigunnur Halldórsdóttir, kosin á stofnfundi

Megintilgangur og hlutverk prófanefndar

Tilgangur með stofnun Prófanefndar er að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, sem tók gildi 1. júní 2000, um að tryggja samræmt og hlutlaust mat og þar með sem áreiðanlegastar niðurstöður á áfangaprófum í hljóðfæraleik og miðprófi í tónfræðagreiðum. Hefur verið talið að í eldra stigsprófakerfi hafi skort á að skilgreind væri sú þekking og færni sem nemendur þyrftu að búa yfir við lok hvers stigs og námskröfur því mjög mismunandi milli skóla og milli nemenda á ólík hljóðfæri. Eins hefur samræming ekki verið fyrir hendi í mati á námsárangri nemenda. Þetta hefur í mörgum tilvikum valdið nemendum vandræðum, ekki hvað síst þegar þeir hafa flust á milli skóla, og hafa þá að mati viðtökuskóla ekki verið komnir eins langt í náminu og nemendur gerðu

ráð fyrir. Með aðalnámskrá tónlistarskóla er ætlunin að bæta úr helstu ágöllum eldra kerfis og að mati tónlistarskólakennara og skólastjóra er samræmt mat á námsárangri nemenda ein meginforsenda þess að það takist.

Samkvæmt framansögðu er megintilgangur samræmnds prófakerfis að tryggja sem kostur er að sambærileg þekking og færni búi að baki prófi, án tillits til þess hvaða skóla, kennara eða prófdómara um er að ræða. Reglur námskrárinnar miða einnig að því að treysta hlutverk prófdómara í prófdæmingunni. Lykilatriði í því að þessum markmiðum verði náð er þjálfun prófdómara ásamt eftirliti með störfum þeirra. Til að tryggja áreiðanleika í prófdæmingu þarf því að útbúa ítarlegar leiðbeiningar varðandi prófdæminguna, umsagnir og notkun einkunnaskalans, auk þess að þjálfu prófdómara í notkun þeirra. Jafnframt þarf að kynna tónlistarkennurum og nemendum prófakerfið og þær viðmiðanir sem gengið er út frá.

Nánar tiltekið eru verkefni Prófaneftndar eftirfarandi:

- uppsetning prófdómarakerfis í samræmi við ákvæði aðalnámskrár og fyrirbyggjandi hugmyndir,
- frágangur reglna/viðmiðana fyrir prófdómara um prófdæminguna,
- hönnun vitnisburðarblaða/áfangaprófsskírteina,
- þjálfun prófdómara, símenntun og handleiðsla,
- stjórnun og daglegur rekstur prófdómarakerfis,
- ráðning prófdómara,
- skipulag áfangaprófa,
- afgreiðsla kvartana og úrskurðir um kærur vegna áfangaprófa,
- varðveisla gagna um niðurstöður prófa,
- varðveisla gagna um skipulag prófdæmingar,
- skýrslugerð um niðurstöður áfangaprófa,
- upplýsingamiðlun til tónlistarskóla og kennara um prófdómarakerfið.

Aðild að Prófaneftnd tónlistarskóla

Í lok september höfðu 47 tónlistarskólar óskað eftir aðild að Prófaneftnd tónlistarskóla og tæpur helmingur þeirra undirritað stofnskrána. Hér á eftir gefst skólum, sem enn hafa ekki undirritað stofnskrána, kostur á að gera það. Eftirtaldir skólar hafa óskað aðildar:

- Tónlistarskólinn í Reykjavík
- Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar
- Söngskólinn í Reykjavík
- Tónlistarskóli FÍH
- Tónmenntaskóli Reykjavíkur
- Nýi tónlistarskólinn
- Tónskóli Eddu Borg
- Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík
- Tónlistarskólinn í Grafarvogi
- Tónskóli grunnskólanna
- Tónskóli Björgvins Þ. Valdimarssonar
- Tónskóli Þjóðkirkjunnar
- Tónlistarskóli Kópavogs
- Tónlistarskóli Garðabæjar
- Tónlistarskóli Bessastaðarhrepps
- Tónlistarskóli Hafnarfjarðar
- Tónlistarskóli Seltjarnarness
- Tónlistarskóli Mosfellsbæjar
- Tónlistarskóli Grindavíkur
- Tónlistarskóli Reykjanesbæjar
- Tónlistarskóli Sandgerðis
- Tónlistarskólinn í Garði
- Tónlistarskólinn á Akranesi
- Tónlistarskóli Borgarfjarðar
- Tónlistarskóli Bolungarvíkur
- Tónlistarskóli Ísafjarðar
- Tónlistarskóli Vestur-Húnavatnssýslu
- Tónlistarskóli Skagafjarðar
- Tónlistarskóli Siglufjarðar
- Tónskóli Ólafsfjarðar
- Tónlistarskóli Dalvíkur
- Tónlistarskólinn á Akureyri
- Tónlistarskóli Eyjafjarðar
- Tónlistarskóli Húsavíkur
- Tónlistarskóli Hafnalækjarskóla
- Tónlistarskóli Austur-Héraðs
- Tónlistarskóli Fellahrepps

- Tónlistarskóli Seyðisfjarðar
- Tónlistarskóli Eski- og Reyðarfjarðar
- Tónskóli Neskaupstaðar
- Tónlistarskóli Stöðvarfjarðar
- Tónskóli Djúpavogs
- Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu
- Tónlistarskólinn á Kirkjubæjarklaustri
- Tónlistarskóli Rangæinga
- Tónlistarskóli Vestmannaeyja
- Tónlistarskóli Árnesinga

Starfsemi nefndarinnar

Starf Prófanevndar tónlistarskóla hófst ekki af krafti fyrr en nú á haustdögum. Haldnir hafa verið tveir fundir. Nefndin er þeirrar skoðunar að stefna beri að því að fyrstu próf á vegum nefndarinnar verði haldin vorið 2004 og eigi það við um öll áfangaprófin í hljóðfæraleik, þ.e. grunnpróf, miðpróf og framhaldspróf. Of snemmt er hins vegar að gera raunhæfar áætlanir vegna miðprófs í tónfræðagreinum þar sem ekki sér enn fyrir endann á vinnu við námskrá í þeim greinum.

Prófanevndin hefur þegar hafið vinnu við leiðbeiningar fyrir prófdómara og þær viðmiðanir sem leggja beri til grundvallar við mat á áfangaprófum í hljóðfæraleik. Aflað hefur verið upplýsinga erlendis frá, einkum frá Associated Board-, Guildhall- og Trinity-prófakerfunum í Bretlandi og einnig nýtur nefndin góðs af því erlenda samstarfi sem átti sér stað á undirbúningstímanum að stofun Prófanevndarinnar. Mun Prófanevndin án efa leita samráðs við ýmsa sérfróða aðila eftir þörfum.

Prófanevndin hefur enn ekki tekið ákvarðanir um einstök framkvæmdaatriði varðandi prófakerfið og þjálfun prófdómara, enda nauðsynlegt að að faglegar viðmiðanir liggi fyrir áður en að þjálfun prófdómaranna kemur. Þannig hefur nefndin enn ekki gert áætlanir um fjölda prófdómara, skiptingu þeirra milli einstakra hljóðfæra né heldur hvernig staðið verði að því að velja þátttakendur á prófdómaranámskeið.

Fjármál Prófanevndar

Reikningsár Prófanevndar tónlistarskóla er 1. ágúst til 31. júlí. Frá stofnfundi til júlíloka var hvorki um að ræða tekjur né gjöld af starfsemi nefndarinnar þar sem menntamálaráðuneytið stóð straum af kostnaði við stofnfund. Því eru ekki lagðir fram reikningar fyrir nefndina á fyrsta fulltrúaráðsfundi.

Eins og áður hefur fram komið hefur menntamálaráðuneytið gefið vilyrði fyrir fjárstuðningi við Prófanevndina og er undirbúningur hafinn að gerð nokkurs konar þjónustusamnings milli ráðuneytisins og nefndarinnar. Næsti fundur Prófanevndar og menntamálaráðuneytisins vegna samningsgerðar verður haldinn síðar í þessum mánuði.

Í rekstraráætlun, sem undirbúningsnefnd prófanevndar gerði fyrir fyrstu starfsár Prófanevndar tónlistarskóla, var gert ráð fyrir árlegu framlagi ráðuneytisins að fjárhæð 2.000.000 kr., auk 350.000 kr. fjárveitingar vegna þjálfunar prófdómara. Standa vonir til þess að framlög ráðuneytisins verði ekki lægri en þessu nemur. Að öðru leyti er gert ráð fyrir árlegum greiðslum frá rekstraraðilum tónlistarskóla er taki mið af nemendafjölda skólanna. Er fulltrúaráði ætlað að ákveða fjárhæð árstíllags frá skólunum fyrir yfirstandandi skólaár.

Prófanevndin tók þá ákvörðun að bíða með innheimtu stofnframlags frá tónlistarskólum þar til eftir fyrsta fulltrúaráðsfund og er það von okkar að það komi sér ekki illa fyrir skólana. Í rekstraráætlun undirbúningsnefndar var gert ráð fyrir að stofnframlögin mynduðu stofnsjóð Prófanevndar og er enn við það miðað að svo verði.

Lokaorð

Ég vil þakka samstarfsmönnum mínum í Prófanevnd tónlistarskóla fyrir mjög gott samstarf það sem af er. Samstarf við fulltrúaráðið er jafnframt mikilvægt í því vandasama verkefni að koma á fót prófakerfi fyrir tónlistarskólana sem standi undir væntingum. Verkefni þessa fulltrúaráðsfundar bera merki þess að Prófanevndin er nú að stíga sín fyrstu skref. Þess er að vænta að í framtíðinni geti skapast á þessum fundum gott tækifæri til þess að ræða ýmis þróunarmál varðandi starfsemi tónlistarskólanna og auðvitað sérstaklega atriði sem varða áfangaprófin.

Reyjavík, 3. október 2002,

Kristín Stefánsdóttir.